



Fundur menningarmálanefndar 14. september 2016

Menningarmálanefndarfundur 14.9.16

Fundur var haldin í Miklagarði, hófst 17:00 og mætt voru: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Ingólfur Daði Jónsson, Jakóbína Ósk Sveinsdóttir, Hreiðar Geirsson og Elísa Joensen

Ingólfur Daði ritaði fundargerð.

1. Mál: Fjármál menningarmálanefndar.

Farið yfir fjármál m.m.n. Hvað mikið er búið og hvað mikið er eftir sem hægt er að nota í menningarviðburði fram að áramótum. Staða góð.

2. Mál: Trúbador í Miklagarði 17.9.16

Beiðni Einherja um að menningarmálanefnd komi að lokahófi Einherja í Miklagarði með að sjá um trúbador tiltekið kvöld. Rætt og samþykkt samhljóða. Húsverði falið að bóka trúbador

3. Mál: Tónleikar Guðrúnar Gunnarsdóttur

Rætt um mögulega tónleika Guðrúnar Gunnars í Miklagarði. Samþykkt að halda þá og ákveðið að kanna hvort hægt væri að hafa þá 14 október. M.m.n. formanni falið að ganga á eftir þessu máli

4. Mál: David Bowie tribute tónleikar á Vopnafirði.

Rætt um mögulega David Bowie tónleika hér í haust, Rætt að reyna að hafa þá yfir Daga myrkurs (DM16) sem eru 2-6 nóvember. Tónleikarnir yrðu þá laugardaginn 5 nóv. Samþykkt samhljóða. m.m.n formanni falið að ganga á eftir þessu máli

5. Mál: Dagar myrkurs á Austurlandi (DM16)

Unnið að drögum DM16 sem eru 2-6 nóvember. Rætt hvað mögulega gæti verið á dagskrá o.s.fr.

Önnur mál: Mögulegir jólatónleikar. m.m.formanni falið að skoða hvaða tónlistarmenn gætu komið til greina.

Engin önnur mál á dagskrá, fundi slitið 18:45